

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Fjármála- og efnahagsráðherra**
Sendandi: **Skrifstofa stjórnunar og umbóta**
Dagsetning: **26. mars 2017**
Efni: **Sala Kaupþings á hlutum í Arion banka**

Kaupskil ehf., dótturfélag Kaupþings ehf., sem á 87% hlut í Arion banka hf. hefur selt tæplega 583 milljóna hluta eða 29,15% eignarhlut í bankanum fyrir ríflega 48,8 ma.kr. Kaupendur hlutanna eru aðilar sem eru einnig hluthafar í Kaupþingi ehf. Eftir kaupin eru hluthafar í Arion banka eftirfarandi:

- Kaupþing ehf./Kauþskil ehf. (57,9%)
- Ríkissjóður/Bankasýsla ríkisins (13%)
- Attestor Capital LLC í gegnum Trinity Investment Designated Activity Company (9,99%)
- Taconic Capital Advisors UK LLP í gegnum TCA New Sidecar III s.a.r.l. (9,99%)
- Sculptor Investments s.a.r.l., tengt Och-Ziff Capital Management Group (6,6%)
- Goldman Sachs International í gegnum ELQ Investors II Ltd. (2,6%)

Miðað var við virðið 0,81 x eigið fé bankans 30.9.2016, sem var síðasta birta uppgjör bankans þegar kaupsamningurinn var gerður.

Atriði sem varða skilyrði stöðugleikasamkomulagsins:

Kaupþing ehf. gaf út skuldabréf til Seðlabanka Íslands (f.h. ríkissjóðs) að fjárhæð 84 m.kr. sem hluta af uppgjöri þrotabúsins í tengslum við stöðugleikasamkomulag milli aðila. Bréfið er með veði í 87% hlut Kaupþings/Kaupskila í Arion. Hafa þarf nokkra skilmála þess samnings í huga við sölu á hlutum í Arion:

1. Kaupþing ehf. mun eingöngu nýta andvirði vegna sölu Arion banka til niðurgreiðslu á skuldabréfinu. Salan á þessum fyrsta hlut er í samræmi við það, söluandvirðið 48,8 ma.kr. verða greiddir inn á skuldabréf Kaupþings.
2. Í allt að þrjú ár frá veitingu undanþágu Seðlabanka Íslands skal sala og endursala á 87% Kaupskila ehf. í Arion banka í heild eða hluta, einungis heimils til erlends aðila, að undangenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra á að slík sala eða endursala valdi ekki neikvæðum áhrifum á stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegum stöðugleika. Sí og FJR hafa staðfest að salan raski ekki stöðugleika.
3. Þegar sala Kaupþings á eignarhlut sínum í Arion banka í heild eða hluta hefur farið fram skal upplýst um kaupanda. Það skilyrði hefur verið uppfyllt.
4. Í samkomulaginu er ábataskiptasamningur sem tryggir ríkinu hlut í söluandvirði 87% hlutar Kaupþings í Arion umfram 100 ma.kr. sbr. eftirfarandi:
 - a. Söluandvirði milli 100 – 140 ma.kr. skiptist í hlutföllum 1/3 Sí og 2/3 Kaupþing.
 - b. Söluandvirði milli 140-160 ma.kr. skiptist í hlutföllum 1/2 Sí og 1/2 Kaupþing.
 - c. Söluandvirði umfram 160 ma.kr. skiptist í hlutföllum 3/4 Sí og 1/4 Kaupþing.

Ríkið bókfærði samkomulagið á samtals 103,5 ma.kr. (84 ma.kr. fyrir skuldabréf + 19,5 ma.kr. fyrir ábataskiptasamningin). Ef heildarsöluvirði alls hlutar Kaupþings í banknum yrði samsvarandi og fyrrgreint söluverð, yrði það 145,8 ma.kr. og fengi ríkið þá 84 ma.kr. fyrir skuldabréfið + 16,25 ma.kr. fyrir ábataskiptasamningin = 100,25 ma.kr. Það þarf að fylgjast vel með áframhaldandi þróun á sölu Kaupþings á bréfum í bankanum. Ekki er hægt að meta áhrifin að fullu fyrr en sala á öllum 87% hlutnum hefur átt sér stað.

5. Einnig er í samkomulaginu forkaupsréttarákvæði til handa SÍ (f.h. ríkissjóðs) sem virkjast ef verð er lægra en 0,8 x bókfært virði. Nú liggur fyrir að við söluna var stuðst við 0,81 x bókfært virði m.v. síðasta birta uppgjör Arion þegar kaupsamningur var gerður (30.9.2016).
6. Önnur atriði í samkomulaginu sem hafa þarf í huga:
 - a. Eftirlitsaðili með söluferlinu fyrir hönd SÍ (ríkissjóðs). Það skilyrði hefur verið uppfyllt, Steinar Þór Guðgeirsson hefur settið fundi þar sem söluferlið er rætt. Samkvæmt samkomulaginu eru ströng skilyrði um trúnað, ef þau eru brotin missir ríkið rétt til eftirlitsaðila í því ferli sem eftir er.
 - b. Salan er milli einkaréttaraðila sem ríkið hefur ekki aðkomu að (ef forkaupsréttur hefur ekki virkjast) aðra en mat FME á væntum eigendum.